

## SVEINSPRÓF Í BLIKKSMÍÐI

### PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinspróf skiptist í tvo meginhluta, verklegt og skriflegt, þar sem lágmarkseinkunn úr hvorum hluta er 5,0 til að standast próf. Verklegi hluti prófsins skiptist í tvennt.

Verklegi hluti prófsins skiptist í:

- A-hluta þar sem prófstykki er smíðað eftir tillagðri teikningu.
- B-hluta þar sem smíðað er og sett upp stökkakerfi eftir tillagðri teikningu, stykki smíðað í A-hluta er hluti af stökkakerfi. Ef próftaki fellur í A-hluta prófs skal sveinsprófsnefnd leggja til þetta stykki til að próftaki geti lokið B-hluta.

### SKRIFLEGT PRÓF

Prófið samanstendur af fjölvalsspurningum, tengispurningum, teikningum og opnum spurningum ásamt ritgerðarspurningum. Ritgerðarspurning má aldrei veða meira en 20% af skriflega prófinu.

Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins. Vægi þátta getur verið misjafnt en hver þáttur má aldrei vera meira en 20%. Miðað er við að skriflegt próf sé haldið eftir kynningarfund og hefjist kl. 09:00 og komi það fram í auglýsingu um sveinspróf. Prófatími er 120 mínútur nema annað sé tekið fram.

### VERKLEGT PRÓF

Miðað er við að verklegt próf sé haldið í sömu viku og skriflegt próf. Á fyrsta degi hefst verklega prófið kl. 08:10 og stendur til kl. 18:00. Fyrsta hálfu klukkustund prófs er til að afhenda teikningu og svara spurningum nema, sá tími reiknast ekki með í einkunn vegna vinnuhraða. Á öðrum degi hefst prófið kl. 08:00 og stendur til kl. 18:00 Gert er ráð fyrir klukkutíma í hádegismat alla dagana. Próftaki skilar verkefninu þannig að það uppfylli skilyrði samkvæmt teikningu hverju sinni. Verklega prófið skiptist í eftirfarandi verkþætti: A-hluti: smíði og B-hluti: uppsetning og frágangur. Þættirnir hafa jafnt vægi. Gefin er séreinkunn fyrir vinnuhraða sem reiknast ekki inn í prófeinkunn. Sérstaklega er vakin athygli á því að ef fyrirmælum á teikningum er ekki fylgt er próftaki fallinn.

#### (A) HLUHI PRÓFS – VÆGI EINSTAKRA PRÓFÞÁTTA Í %

| Númer | A            |        | Vægi |   |
|-------|--------------|--------|------|---|
| 1.0   | efnisval -   |        | 10%  |   |
|       | Efnisgerð    | þar af | 2%   | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf efnisgerð að vera rétt, röng efnisgerð er fall.</i> |
|       | Efnisþykktir | þar af | 5%   | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf efnisþykkt að vera</i>                              |

|     |                      |        |            |   |
|-----|----------------------|--------|------------|---|
|     |                      |        |            | <i>rétt, röng efnisgerð er fall.</i>  |
|     | Hjálparefni          | Þar af | 3%         | <i>Til að uppfylla þennan þátt þurfa öll hjálparefni að vera rétt.</i>  |
| 2.0 | <b>Samsetningar</b>  |        | <b>25%</b> |   |
|     | Val á samsetningum   | Þar af | 5%         | <i>Til að uppfylla þennan þátt þurfa allar samsetningar að vera réttar.</i>   |
|     | Málnákvæmni          | Þar af | 10%        | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf nákvæmni að vera <math>\leq \pm 1,5\text{mm}</math>, ef málfrávik er <math>&gt; \pm 3\text{ mm}</math> stenst próftaki ekki próf.</i> |
|     | Áferð                | Þar af | 10%        | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf stykki að vera hreint og slétt, skrúfur/boltar snúa eins og vera regluleg.</i>  |
| 3.0 | <b>Handbragð</b>     |        | <b>30%</b> |   |
|     | Málnákvæmni          | Þar af | 15%        | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf nákvæmni að vera <math>\leq \pm 1,5\text{mm}</math>, ef málfrávik er <math>&gt; \pm 3\text{ mm}</math> stenst próftaki ekki próf.</i> |
|     | Áferð                | Þar af | 15%        | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf stykki að vera hreint og slétt.</i>   |
| 4.0 | <b>Vinnutilhögun</b> |        | <b>20%</b> |   |
|     | Undirbúningur        | Þar af | 6%         | <i>Þessi þáttur er mat yfirsetumanns hverju sinni.</i>  |
|     | Framkvæmd            | Þar af | 9%         | <i>Þessi þáttur er mat yfirsetumanns hverju sinni.</i>  |
|     | Umgengni             | Þar af | 5%         | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf að ganga frá efnisafgöngum, þrifa vinnuborð og sópa vinnuáðstöðu.</i>   |
|     |                      |        | Alls       |   |
| 5.0 | <b>Lóðning</b>       |        | <b>15%</b> |   |
|     | Lóðning              | Þar af | 15%        | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf lóðning að vera slétt, engir hraukar eða dropar eða korn.</i>   |
|     |                      |        |            |   |
|     | <b>Samtals</b>       |        | 100%       |   |

(B) HLUÐI PRÓFS – VÆGI EINSTAKRA PRÓFÞÁTTA Í %

| <b>B</b>            |        |  | <b>Vægi</b> |   |
|---------------------|--------|--|-------------|---|
| <b>Efnisval</b>     |        |  | <b>20%</b>  |   |
| Efnisgerð           | Þar af |  | 4%          | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf efnisgerð að vera rétt, röng efnisgerð er fall.</i>   |
| Efnisþykktir        | Þar af |  | 10%         | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf efnisþykkt að vera rétt, röng efnisgerð er fall.</i>  |
| Hjálparefni         | Þar af |  | 6%          | <i>Til að uppfylla þennan þátt þurfa öll hjálparefni að vera rétt.</i>  |
| <b>Samsetningar</b> |        |  | <b>30%</b>  |   |
| Val á samsetningum  | Þar af |  | 10%         | <i>Til að uppfylla þennan þátt þurfa allar samsetningar að vera réttar.</i>   |
| Málnákvæmni         | Þar af |  | 10%         | <i>Til að uppfylla þennan þátt þarf nákvæmni að vera <math>\leq \pm 1,5\text{mm}</math>, ef málfrávik er <math>&gt; \pm 3\text{ mm}</math> stenst próftaki ekki próf.</i> |

|                      |        |            |   |
|----------------------|--------|------------|---|
| Áferð                | Þar af | 10%        | Til að uppfylla þennan þátt þarf stykki að vera hreint og slétt, skrúfur/boltar snúa eins og vera regluleg.                           |
| <b>Handbragð</b>     |        | <b>30%</b> |   |
| Málnákvæmni          | Þar af | 15%        | Til að uppfylla þennan þátt þarf nákvæmni að vera $\pm 1,5\text{mm}$ , ef málfrávik er $> \pm 3\text{ mm}$ stenst próftaki ekki próf. |
| Áferð                | Þar af | 15%        | Til að uppfylla þennan þátt þarf stykki að vera hreint og slétt.  |
|                      |        |            |   |
| <b>Vinnutilhögun</b> |        | <b>20%</b> |   |
| Undirbúningur        | Þar af | 6%         | Þessi þáttur er mat yfirsetumanns hverju sinni.   |
| Framkvæmd            | Þar af | 9%         | Þessi þáttur er mat yfirsetumanns hverju sinni.   |
| Umhengni             | Þar af | 5%         | Til að uppfylla þennan þátt þarf að ganga frá efnisafgöngum, þrifa vinnuborð og sópa vinnuáðstöðu.                                    |
| <b>Samtals</b>       |        | <b>100</b> |   |

#### VINNUHRAÐI

Einkunn er reiknuð á eftirfarandi hátt:

Unninn tími/viðmiðunartími x 10

Ef unninn tími er  $\leq$  viðmiðunartími fær nemi 10 í einkunn fyrir vinnuhraða.

Ef unninn tími er  $>$  viðmiðunartími og unninn tími er  $< 2x$  viðmiðunartími gildir formúlan hér fyrir ofan. Ef unninn tími er  $> 2x$  viðmiðunartími stenst nemi ekki próf.

Ath. að einkunn fyrir vinnuhraða reiknast ekki inn í einkunn verklega hlutans.

Próftaka ber að sýna snyrtimennsku og hreinlæti í umhengni og ganga frá verkfærum og efni í lok dags. Persónulegt hreinlæti og snyrtimennska skal vera til fyrirmyndar.

#### EINKUNNAGJÖF

|                              |                             |
|------------------------------|-----------------------------|
| Einkunn 10 vísar til þess að | 95% - 100% markmiða var náð |
| Einkunn 9 vísar til þess að  | 85% - 94% markmiða var náð  |
| Einkunn 8 vísar til þess að  | 75% - 84% markmiða var náð  |
| Einkunn 7 vísar til þess að  | 65% - 74% markmiða var náð  |
| Einkunn 6 vísar til þess að  | 55% - 64% markmiða var náð  |
| Einkunn 5 vísar til þess að  | 45% - 54% markmiða var náð  |
| Einkunn 4 vísar til þess að  | 35% - 44% markmiða var náð  |
| Einkunn 3 vísar til þess að  | 25% - 34% markmiða var náð  |
| Einkunn 2 vísar til þess að  | 15% - 24% markmiða var náð  |
| Einkunn 1 vísar til þess að  | 0% - 14% markmiða var náð   |

#### SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en tíu dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófið hefur verið haldið.

Prófsýning í verklegum þætti sveinsprófs í blikksmíði fer fram að loknu sveinsprófi. Sveinsprófsnefnd tilkynnir próftaka skriflega að loknu prófi hvort hann hafi staðist prófið eða ekki. Próftaki getur óskað eftir útskýringum á mati sveinsprófsnefndar. Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti.

Sveinsprófsnefnd skal varðveita sveinsprófsöggn í eitt ár frá töku prófs að þeim tíma liðunum skal úrlausnum eytt á tryggilegan hátt og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála er bent á reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf.

## ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem eru gefin upp í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Strax að loknu verklegu prófi fer prófsýningin fram og sveinsprófstaki er upplýstur skriflega um hvort hann hafi náð sveinsprófi eða ekki. Nánari sundurliðun á einkunn liggur ekki fyrir á þeim tíma. Úrlausnir skulu vera tilbúnar eigi síðar en 24 dögum eftir próf. Sveinsprófstaki getur óskað eftir nánari skýringum á prófverkefninu. Endurtaka er aðeins leyfð á næsta haustannar- eða vorannarprófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt próf þremur dögum eftir auglýst próf.
- Ef staðfesting liggur fyrir frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika fær viðkomandi sveinsprófstaki viðbótartíma. Hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við starfs- og námsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.